

Að vísu virðist þetta tilvik ekki eiga beinlínis undir 78. gr. einkamálalaga, en þegar litið er á tilgang reglunnar um fasteignavarnarþing og það, að aðalsönnunarpáttur málsins snýst um það, hvort samningur hafi verið kominn á um kaup á téðri fasteign, þá verður að telja, að réttilega sé stefnt í máli þessu.

Ber því að hrinda frávísunarkröfunni.

Haraldur Jónasson, fulultrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda skal ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 148/1958. Jón Gíslason

gegn

Þorsteini Jónssyni.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Línal.

Frávísunarkröfu hrundið. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson sýslumaður hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð ásamt samdómsmönnum Þóri Steinþórsyni og Þorvaldi T. Jónssyni.

Með kæru 4. f. m., sem barst Hæstarétti 15. f. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð upp kveðinn á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. september þ. á. í máli varnar- aðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði úr hendi varnaraðilja og kærumálskostnaðar úr hendi hans að mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, en til vara, að málinu verði vísað heim

í hérað. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati Hæstaréttar.

Eigi voru efni til að vísa héraðsdómsmáli aðilja frá dómi, þótt varnaraðili legði eigi þegar við þingfestingu málsins fram dómsgerðir lögbannsmálsins fyrir fógætadómi. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað af kærumáli þessu.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. september 1958.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 18. f. m., af hálfu Þorsteins Jónssonar, bónda í Efri-Hrepp, á hendur Jóni Gíslasyni, bónda á Innri-Skeljabrekku, til staðfestingar lögbannsgerð, er fram fór í fógætarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. f. m.

Krefst stefnandi þess, að staðfest verði lögbann við lax- og silungsveiði stefnda í Andakílsá fyrir landi, er stefnandi telur sig eiga á Suðurengjum í Andakílshreppi.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að honum verði veittur viku frestur til að leggja fram greinargerð í málinu.

Aðalkröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi hafi eigi, þrátt fyrir áskorun hans, lagt fram dómsgerðir í lögbannsmálinu.

Stefnandi telur sér eigi skylt að leggja fram dómsgerðir lögbannsmálsins.

Að réttarins áliti ræður stefnandinn því, hvaða skjöl hann leggur fram í réttinum. Hann hefur lagt fram útskrift úr fógætabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af lögbannsúrskurði þeim, er hann krefst, að staðfestur verði, og einnig útskrift úr veðmálabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af afsali því, er hann styður réttarkröfur sínar með. Hafa því komið fram í staðfestingarmálinu öll þau skjöl, er lögð voru fram af hans hálfu í fógætaréttinum, nema fáorð lögbannsbeiðni og greinargerð og afrit nokkurra bréfa, er hann ritaði fógætanum áður en lögbannið var framkvæmt.

Þar sem dómariinn hefur afhent stefnda þrjár útskriftir úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er hann lagði fyrir fógætaréttinn, hefur hann átt þess kost að leggja þær fyrir réttinn nú. Auk þess gat hann að sjálfsgöðu lagt fram afrit af greinargerð þeirri, er hann lagði fram í fógætaréttinum, og væru þá komin fram í staðfestingarmálinu öll þau skjöl, er lögð voru fram af hans hálfu í fógætaréttinum.

Samkvæmt framansögðu lítur dómurinn svo á, að vísa beri á bug frávísunarkröfu stefnda í málinu.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa umboðsmanns stefnda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 3. nóvember 1958.

Nr. 168/1957. Jón E. Waage og Þórunn Waage

(Páll S. Pálsson hrl.).

gegn

Jóni Benediktssyni,

Sveini Pálssyni,

Guðlaugi Aðalsteinssyni og

Óskari Eyjólfssyni.

(Gunnar A. Pálsson hrl.).

Dómeður:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Línal.

Krafa um brottnám girðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið, máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1957 og krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og þeim dæmdur málskostn-